

Stjórnarfundur FEBSEL 01.09.2025 haldinn á Skólabraut 5 kl. 16.30.

Mættir: Kristbjörg, Sigríður, Inga, Stefán, Helgi og Aðalbjörg.

Dagskrá:

1. Teimi um málefni aldraðra

Teymi um málefni eldri borgara á Seltjarnarnesi hefur verið stofnað af samskiptastjóra bæjarnins. Verið er að vinna að skilgreiningu og hlutverki teymisins. Teymið mun hittast á tveggja mánaða fresti.

2. Öldungaráð

Öldungaráðsfundur verður haldinn 8. sept.n.k. Farið verður yfir forvarnar- og lýðheilsustefnu eldri borgara bæjarins.

3. LEB – málefni á döfinni

Nýr formaður LEB er Björn Snæbjörnsson. Dagana 23-24 september verður fundur með öllum formönnum félaga eldri borgara á landinu. Fundurinn verður haldinn að Varmalandi í Borgarfirði. Kristbjörg mun sækja fundinn.

LEB tekur þátt í Gulum september sem leggur áherslu á geðheilsu og sjálfsvígforvarnir. Lögð verður sérstök áhersla á þessi atriði varðandi eldri borgara.

4. Önnur mál

- Félagsheimilið á Seltjarnarnesi. Rætt var um mögulega nýtingu þess fyrir eldri borgara á Nesinu. Ræða þarf nýtingu þess m.a.m.t.t. eldri borgara áður en farið er í framkvæmdir og endurbættur á því.
- Gönguhópurinn undir stjórn Sigríðar fer af stað fljótlega.
- Virkniþing verður haldið þann 17. september n.k. Þar verður kynning á starfsemiflestra félagasamtaka á Nesinu.
- Matur fyrir eldri borgara. Samið hefur verið við nýtt fyrirtæki um mat fyrir eldri borgara. Almenn ánægja er með matinn auk þess sem hann er ódýri en áður var.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 18:00

Aðalbjörg J. Finnbogadóttir ritari